

**Nd.**

**95. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Flutningsm.: Jón Guðnason.

Aftan við 2. gr. B. komi:

5. Borðeyrarvegur frá Búðardal að Borðeyri.

**Greinargerð.**

Með frumvarpi þessu er farið fram á, að vegurinn frá Búðardal til Borðeyrar verði tekinn í þjóðvegatölu. Þessi vegur tengir saman Vesturland og Norðurland, og hefir hann einatt verið allfjölfarinn, en þó hefir umferð um hann aukist seinni árin, að því skapi sem samgöngur um Hvammsfjörð hafa batnað. Nokkur hluti þessa vegar (Laxárdalsheiði) telst nú til fjallvega, en vegarkafinn frá Búðardal að Laxárdalsheiði er sýsluvegur, og meðan svo er, er þess alls ekki að vænta, að vegabætur þar komist í það horf, sem umferðir milli landsfjórðunganna krefur.

Nánar í framsögu.